

Rek. 6/2022

Fyrri skjalsnúmer A 1877/tillväxt
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Fylgiskjal Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænar aðgerðir gegn smygli á hundum

Norrænar aðgerðir gegn smygli á hundum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 22. mars 2022 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún gangist fyrir að unnt verði að samkeyra skráningu hunda í sérhverju norrænu landi

að hún beiti sér fyrir að Rússland verði felld út af lista yfir svæði og þriðjulönd sem fjallað er um í 13. gr. rg. (ESB) nr. 576/2013

að hún stuðli að því að norrænu löndin taki sér verklag í Noregi til fyrirmyndar og afli sér heimildar til að gera mótefnamælingar vegna sjúkdóma á borð við hundaæði við innflutning á hvolpum sem eru flokkaðir sem sölugýr við flutning yfir landamæri

Malmö, 22. mars 2022

Erkki Tuomioja

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs